

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2012 R2012110001  
T-ums 19/12

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um bætt skattskil - 51. mál, þskj. 51.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 31. október 2012 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram aðgerðaráætlun um bætt skattskil sem feli í sér aukið skatteftirlit, skattrannsóknir og markviss viðbrögð gegn undanskotum frá sköttum. Í greinargerð með tillögunni má lesa að fram hafi komið vísbendingar að undanförunu þess efnis að undanskot frá skatti gætu verið að aukast.

Af þessu tilefni hefur ríkisskattstjóri tekið saman svofellda umsögn:

I.

Bæting skattskila og verkefnið sem þingsályktunin miðar að

Eðli máls samkvæmt er það töluverðum vandkvæðum bundið að áætla og meta umfang skattundanskota þar sem slíkt kann að ráðast af veltu innan mismunandi atvinnugreina. Þótt vísbendingar gefi eitt og annað til kynna þá getur túlkun þeirra verið breytileg eftir því hver leggur mat á þær og ekki víst að slíkar ályktanir séu raunhæfar. Aukið peningamagn í umferð er almennt séð vísbending um dulið hagkerfi og þar með aukinnar svartrar atvinnustarfsemi. Aðstæður hér á landi frá bankahruninu á haustdögum 2008 gætu aftur á móti skýrt að einhverju leyti aukið peningamagn í umferð vegna ótta almennings við annað hrun sem hefur þá meira laust fé í handraðanum en áður. Ekki er ólíklegt að báðar þessar skýringar séu réttar svo langt sem þær ná. Þannig er oft fleiri en einn flötur á sama málinu sem leiðir til þess gæta þarf varúðar þegar verið er að fjalla um málefni sem ekki eru skýr og áþreifanleg. Athuganir sem ríkisskattstjóri hefur gert á undanförunum misserum gefa þó augljósar vísbendingar um að dulið hagkerfi sé býsna fyrirferðarmikið og að öllum líkindum talsvert meira um sig en áður hefur verið um langt skeið.

II.

Starf og tillögur skattsvikanefnda á árunum 1984 - 2004

Þær úttektir sem gerðar hafa verið á undanförunum árum eru orðnar allnokkrar. Fyrsta nefndin sem hafði þetta verkefni sem aðalstarf var skipuð árið 1984. Sú nefnd var skipuð fræðimönnum og einstaklingum sem ekki störfuðu hjá skattyfirvöldum. Lauk sú nefnd

störfum í apríl 1986 og lagði fram viðtækar tillögur til úrbóta, skipulagslegar, lagalegar og ekki síst kerfislegar. Fyrirferðarmesta tillagan var að gjörbreyta skipulagi skattyfirvalda og leggja niður sjálfstæð embætti skattstjóra og fella þau undir ríkisskattstjóra. Þáverandi fjármálaráðherra kvað strax uppúr að hann myndi ekki flytja frumvarp þessa efnis og því varð engin pólitísk samstaða um tillögur skattsvikanefndarinnar. Engar raunverulegar framfarir urðu í skipulagsmálum skattyfirvalda og stjórnendur ríkisskattstjóra fengu skýr skilaboð um að þessi tillaga nefndarinnar yrði ekki að veruleika. Helsti fengur að störfum nefndarinnar var sú aðferðarfræði sem hún notaði við mat á umfangi undanskota, þar sem atvinnugreinum var skipað í mismunandi áhættuhópa.

Seint á árinu 1992 var skipuð önnur nefnd sem hafði einnig það verkefni að meta umfang undanskota. Nefndin var skipuð fulltrúum hagsmunaaðila atvinnulífsins og skattyfirvalda. Sérfræðingar á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins voru nefndinni til aðstoðar og önnuðust ýmsa útreikninga. Nefndin skilaði af sér niðurstöðum í september 1993. Nokkur vandkvæði voru á að meta umfang undanskota í virðisaukaskatti sem þá hafði nýlega verið tekinn upp og takmörkuð reynsla komin á það skattheimtukerfi. Nefndin taldi að undanskot hefðu aukist frá niðurstöðum fyrri nefndar á árinu 1986. Tillögur nefndarinnar voru margs konar einkum lagalegs eðlis, svo sem að herða ákvæði refsilaga og tillögur um aukna skilvirkni skattframkvæmdar. Flestar af tillögum nefndarinnar komust til framkvæmda næstu ár þar á eftir.

Sumarið 2003 var skipuð þriðja nefndin til að meta umfang skattundanskota. Nefndin var skipuð þremur embættismönnum. Því miður átti nefndin undir högg að sækja að því leyti að hún fékk ekki þær upplýsingar sem hún óskaði eftir frá þeim aðilum sem höfðu með höndum gerð þjóðhagsáætlana. Nefndin mat allt að einu umfang undanskota og komst að þeirri niðurstöðu að undanskot hefðu aukist enn þrátt fyrir fjölbreyttar aðgerðir á undanfarandi árum. Þar skipti mestu að aukin svik voru í gegnum eignarhaldsfélög sem staðsett voru í ríkjum þar sem aflandsstarfsemi var stunduð. Þá notaðist nefndin við úttekt á virðisaukaskatti sem gerð var á árinu 2000. Nefndin lagði til fjölbreyttar aðgerðir sem margar hverjar hafa komist til framkvæmda á síðustu árum. Þar stendur þó út af, ábyrgð skattaráðgjafa á skattskilum en engar af tillögum nefndarinnar þar að lútandi hafa orðið að lögum.

Nefnd sem kannaði framkvæmd virðisaukaskatts á árinu 2000 komst að ýmsum athyglisverðum niðurstöðum. Viðamiklar rannsóknir nefndarinnar leiddu í ljós að skattheimta virðisaukaskatts var í stórum dráttum í samræmi við væntingar. Við útreikninga nefndar kom í ljós undanskot í virðisaukaskatti hefðu verið nokkur í upphafi skattheimtunnar en dregið hefði úr þeim og ástandið lagast mjög á árunum 1997 - 1999 og skilvirkni virðisaukaskatts hefði þannig aukist. Styðst það við aðrar athuganir sem gerðar voru á þeim tíma af hálfu skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra, sem gáfu til kynna að undanskotin voru að breytast og frekar að færast í form leyndar í gegnum aflandsríki þar sem skráð voru ýmis eignarhaldsfélög.

### III.

#### Núverandi ástand

Skatteftirlit á vegum ríkisskattstjóra hefur verið starfrækt til margra ára með breytilegum áherslum. Fullyrða má að eftir sameiningu skattumdæma í ársbyrjun 2010, þegar eftirlitsstarfsemin sameinaðist á einn stað undir merkjum embættisins í liðlega 30 manna

hópi, hefur eftirlit verið markvissara og skilað meiri árangri en áður. Nokkru fyrir hafði ríkisskattstjóri komið á fót greiningarteymi og breytt áherslum í eftirliti með markvissara vali á aðilum til eftirlits. Skattstjórar höfðu víðtækar eftirlitsskyldur frá árinu 1993 sem ríkisskattstjóra var ætlað að hafa yfirumsjón með. Ólíkar áherslur og sýn á viðfangsefnið ásamt skorti á mannafla hafði það í för með sér að starfsmenn eftirlitseininga skattstjóra unnu jöfnum höndum við framkvæmd álagningar og almennt eftirlit með skattskilum einstaklinga utan atvinnurekstrar. Einingar skatteftirlitsins voru einnig mjög misburðugar og voru jafnvel aðeins 2 - 3 starfsmenn á sumum skattstofum. Leiddi þetta allt af sér að eftirlit varð frekar ómarkvisst og beindist um of að aðilum sem voru utan atvinnurekstrar. Eftirlitið sem slíkt hafði af þessum sökum takmörkuð forvarnaráhrif og gjaldabreytingar voru ekki umtalsverðar. Á þessu hefur á undanförunum árum orðið gjörbreyting, einkum eftir að verkefni sjálfstæðra skattstjóra voru felld undir ríkisskattstjóra, svo sem fyrir var vikið að. Var það raunar svo að fyrstu einingarnar sem voru sameinaðar á árinu 2010, voru eftirlitseiningar af skattstofunum sem færðar voru til aðalskrifstofu ríkisskattstjóra í Reykjavík.

Hjá ríkisskattstjóra hefur byggst upp þekking og reynsla sem stuðlar að skilvirkum vinnubrögðum þegar eftirlitsaðgerðir eru skipulagðar. Í stórum dráttum má segja að núverandi skatteftirlit byggir annars vegar á markvissum greiningaraðgerðum og skoðun gagna og upplýsinga og hins vegar á heimsóknnum í fyrirtæki til þess að skoða daglega skattframkvæmd hjá völdum aðilum og eins í tengslum við sérstök átaksverkefni. Greiningarvinnan miðar að því að draga fram þá aðila þar sem líklegt er að skattskilum sé áfátt og endurákvarða skattskil þeirra eftir því sem tilefni er til. Að jafnaði eru fleiri að vinna við greiningu, skoðun gagna og rekstur mála heldur en við vettvangsheimsóknir enda skilar sá þáttur eftirlits hærrí fjárhæðum til ríkissjóðs.

Innan eftirlitssviðs ríkisskattstjóra hefur í nokkur ár verið starfræktur vettvangshópur sem hefur gegnt því hlutverki aðallega að heimsækja litla og meðalstóra rekstraraðila í þeim tilgangi að skoða tekjuskráningu og bókhald og ganga úr skugga um hvort starfsmenn séu á launaskrá og skili staðgreiðslu. Með samkomulagi ríkisskattstjóra, ASÍ og SA frá 14. júní 2011, sem gekk undir heitinu *Leggur þú þitt af mörkum*, var settur aukinn kraftur í heimsóknir af þessu tagi. Á stuttum tíma eða fram til ágústloka 2011 tókst að heimsækja yfir 2000 fyrirtæki og fletta upp nærri 6200 einstaklingum til að sannreyna starfssamband þeirra og skattskil. Í framhaldinu var aðgerðum haldið áfram allt til ágústloka 2012 en í töluvert minna mæli en í átakinu sjálfu. Sérstök skýrsla var gerð um þetta átaksverkefni en ekki verður fjallað frekar um hana hér. Átak af þessu tagi, ásamt annarri greiningar- og eftirlitsstarfsemi, hefur myndað allgóða þekkingu á atvinnulífinu og vinnumarkaðnum sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar verið er að skipuleggja skatteftirlit. Þess sjást merki að tegundir undanskota hafa breyst í tímans rás þótt varast beri að draga of víðtækar ályktanir í því sambandi.

Niðurstöður úr átakinu *Leggur þú þitt af mörkum* sýna svo ekki verður um villst að ástandið á árinu 2012 sé verra en á árinu 2011 þrátt fyrir að úrtakið hafi verið minna á árinu 2012.

Alþjóðavæðing, frjálsir fjármagnsflutningar, rafræn samskipti og kerfisbundin skattaskipulagning hafa breytt sviðsmyndinni frá því sem var fyrir nokkrum árum. Enginn vafi er á því að kerfisbundin markaðssetning að minnsta kosti einnar og jafnvel fleiri héraðra fjármálastofnana á starfsemi bankaútibúa í Lúxemborg, þar sem áhersla var lögð á að skattyfirvöld fengju takmarkaðar upplýsingar, hafa aukið undanskot verulega. Viðskiptamódel það sem boðið var upp á freistaði fjölda aðila til undanskota sem alla jafna hefðu haldið sig frá slíku, eða að minnsta kosti myndu ekki hafa haft frumkvæði til slíkra

undanskota.

Eftirlitssvið ríkisskattstjóra telur sig hafa greint merkjanleg einkenni á skattskilum innan mismunandi hópa gjaldenda þótt auðvitað megi ekki alhæfa um slík einkenni eða halda að þau gildi um alla:

#### 1. Stóru fyrirtækin og félagasamstæðurnar.

Ljóst virðist sem stærri fyrirtæki og samstæður þeirra séu ekki að eyða tíma og fyrirhöfn í að greiða reikninga undir borðið, kaupa svarta vinnu eða selja þjónustu fram hjá tekjuskráningunni svo dæmi séu nefnd um algeng skattsvik. Slíkt myndi trufla innra eftirlit og skapa hættu á sviksemi og óþarfa útgjöldum innan fyrirtækjanna. Þau nýta sér fremur þjónustu lögfræðinga og annarra ráðgjafa til að lágmarka skattgreiðslur sínar með skattaskipulagningu (tax planing) og reyna að forminu til að halda sig réttu megin laganna þótt slíkt geti oft verið á gráu svæði. Helstu deilumálin sem upp koma í samskiptum þeirra við skattfyrvöld eru flókin álitamál um reikningsskil og skattskil, t.d. óeðlileg verðlagning í viðskiptum á milli tengdra aðila og flutningar skattstofna til annarra ríkja, flóknir samningar um afleiður og aðra spákaupmennsku, flókin kaupauka- og bónuskerfi við æðstu stjórnendur og fjárstreymi jafnvel í og úr skattaskjólum. Oft er um stórar fjárhæðir að tefla þegar ágreiningur kemur upp á milli skattfyrvalda og fyrirtækja sem flokka mætti í þessum hópi. Á undanförunum árum hefur skatteftirlit í auknum mæli beinst að þessum flokki fyrirtækja en erfitt er að segja til um hvort undanskot þeirra hafi aukist eða ekki. Til þess að takast á við þessi verkefni þarf skattkerfið að hafa í þjónustu sinni fólk með góða þekkingu á bókhaldi, reikningsskilum, skattskilum og félagarétti.

#### 2. Meðalstóru fyrirtækin.

Merkja má flokk fyrirtækja sem kalla mætti meðalstór fjölskyldufyrirtæki eða fyrirtæki í eigu fárra hluthafa sem þá venjulegast starfa hjá fyrirtækinu. Árleg velta getur verið mismunandi í þessum flokki, frá því vel innan við milljarð og kannski upp í nokkra milljarða. Eignarhald er oft í gegnum eignarhaldsfélög og stundum liggja dýpstu ræturnar til skattaskjóra. Bókhald er almennt í góðu lagi, tekjuskráning í samræmi við lög og reglur og starfsmenn á launskrá. Þau ágreiningsmál sem upp koma einkennast helst af því að einkaneysla eigendanna og fjölskyldna þeirra er gjaldfærð í rekstrinum með einum eða öðrum hætti. Í því sambandi má nefna framkvæmdir og viðhald í heimahúsum, framkvæmdir og viðhald í sumarbústöðum, ferðakostnaður, bílaútgerð o.fl. Mál í þessum flokki eru vandmeðfarin og oft erfitt að upplýsa þau því að þau eru oft skipulögð frá báðum endum, þ.e. af þeim sem greiða reikningana og svo einnig þeim sem gefa þá út. Þegar kemur að eignarhaldsfélögunum þá er helst um að ræða að ágreiningsmál sem tengjast ólögmætum úttektum úr félögum og eins eru dæmi um að reynt er að leyna tekjum af íslenskum uppruna með því að fela þær í skattaskjólum. Ekki hafa sést áreiðanlegar vísbendingar um að undanskot í þessum flokki hafi aukist á síðustu árum en þó má ætla að sá aukni fjöldi eignarhaldsfélaga, sem stofnaður hefur verið hér á landi á umliðnum árum, leiði til vaxandi undanskota. Mörg eignarhaldsfélög lögðu samt upp laupana í og eftir hrúnið en á árunum fyrir hrun var mikið um að eignarhald flyttist til annarra landa. T.d. var algengt að eignarhald á íslenskum félögum lægi í gegnum svonefnd 1929 félög í Lúxemborg, en það voru félög sem nutu sérstakrar leyndar og greiddu ekki skatta. Reglur um frjálst flæði fjármagns, vöru, þjónustu og vinnuafls hefur gert þessi mál erfið við að eiga, sem og erfiðleikar við öflun upplýsinga.

### 3. Litlu fyrirtækin.

Eins og fram kom í átaksskýrslu RSK, ASÍ og SA um verkefnið, *Leggur þú þitt af mörkum*, er víða pottur brotinn þegar kemur að smærri fyrirtækjum. Fyrirtæki sem voru með veltu undir 150 milljónum á ári komu mörg hver illa út með tilliti til tekjuskráningar, færslu bókhalds og greiðslna fyrir svarta vinnu. Þessi fyrirtæki starfa oftast með sýnilegum hætti og eru nöfn þeirra kunnug. Algengt einkenni á þessum fyrirtækjum er að það eru einn eða tveir eigendur sem starfa í rekstrinum og aðrir starfsmenn eru tiltölulega fáir og þar af nokkur hluti sem er ekki á launaskrá. Ljóst er að til að geta greitt svört laun þarf að skjóta undan tekjum og virðisaukaskatti í rekstrinum. Þarna skipta atvinnugreinar einnig miklu máli því að ástandið er sýnu verra í sumum atvinnugreinum en öðrum. Mikið er um gerviverktöku og margir reyndust bæði vinna svart og þiggja bætur. Erfitt er oft að taka á þessum flokki fyrirtækja því að úrræði skattyfirvalda eru takmörkuð og seinvirk. Hefðbundnar málmeðferðar- og refsireglur henta illa til að takast á við þennan vanda með skjótum hætti. Ljóst þykir að umfang undanskota í þessum flokki hefur aukist.

### 4. Aðilar sem eru í felum í samfélaginu.

Starfsemi sem einkennist af skipulögðum ásetningsbrotum eins og undanskotum, skilasvikum og peningabætti virðist vera vaxandi. Hér eru aðallega á ferðinni aðilar sem ætla sér ekki að starfa í samræmi við lög og reglur, halda ekki bókhald eða þá um mjög takmarkaðan þátt starfseminnar. Í tilvitnuðu átaki RSK, ASÍ og SA kom oft fyrir að á vegi eftirlitsmanna varð fólk sem sýnilega var að vinna en gat litla grein fyrir sér gert. Ásetningurinn virðist vera að halda sér neðanjarðar eins og sagt er. Oft voru á ferðinni einyrkjar sem þáðu verktakagreiðslur, innheimtu kannski virðisaukaskatt af þeim sem keyptu þjónustuna en stóðu síðan ekki skil á neinu og létu áætla á sig opinber gjöld sem þeir aldrei greiddu. Margir sem vinna sem verktakar eru svo skuldsettir vegna átælaðra skattskulda að þeir eiga að óbreyttu ekki afturkvæmt inn í hóp skilamanna. Dæmi hafa sést um fyrirtæki sem sett eru á laggirnar til að stunda ein tiltekin viðskipti en síðan telja þau ekki fram og skila ekki neinu. Þá er hægt að nefna fyrirtæki sem stunda viðskipti en greiða engin laun, einungis verktakagreiðslur, og þeir sem þiggja greiðslurnar gera síðan ekki lögboðin skil. Loks má nefna aðila sem virðast hafa af því starf að framleiða reikninga fyrir þjónustu sem aldrei hefur verið unnin til að aðrir geti fengið virðisaukaskatt frádreginn eða endurgreiddan, auk lægri hagnaðar. Sumir hafa kallað þennan fjórða flokk: *aðila sem lifa eða starfa í skjóli áætlana*. Hér undir mætti einnig flokka skipulega glæpastarfsemi sem virðist fara vaxandi og kemur sér kannski fyrir í einhverjum „búllurekstri“ sem aðallega er ætlað að fela það sem að baki býr og auðvelda að koma illa fengnu fé í umferð. Hér, eins og í flokki 3 hér að framan, vantar oft úrræði til að takast á við vandann. Þótt mælingar séu ekki til er nokkuð víst að starfsemi í þessum flokki undanskota fer vaxandi, a.m.k. hefur starfsemin augljóslega orðið fyrirferðarmeiri en áður var.

### 5. Kerfisvillur.

Sumarið 2012 var gert sérstakt átak í að skoða framkvæmd virðisaukaskattskila. Í fyrsta fasa þeirrar aðgerðar voru heimsótt fyrirtæki sem voru með háan innskatt en lítinn útskatt. Eins og búast mátti við voru fyrirtæki sem fluttu að öllu eða einhverju leyti vörur úr landi þarna mest áberandi. Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi verið við lýði í meira en tvo áratugi kom á óvart hversu mörg útgerðarfyrirtæki voru að rangfæra innskatt af viðhaldsreikningum skipa. Í gildi eru lagaákvæði sem mæla fyrir um að ekki skuli leggja

virðisaukatt á viðgerðar- og viðhaldsvinnu til skipa. Engu að síður kom í ljós að töluverður fjöldi útgerðarfyrirtækja var með sjálfvirkum hætti að bókfæra og fá endurgreiddan virðisaukaskatt af reikningum sem báru engan virðisaukaskatt. Þarna er dæmi um kerfisvillu sem hægt væri að lagfæra með því að afnema þessa undanþágu og leggja virðisaukaskatt á viðhald skipa. Að öðrum kosti sýnir reynslan að við þessar aðstæður þurfi virkt eftirlit.

#### IV.

#### Hvað er til ráða?

Mat þeirra sem stýra eftirliti hjá ríkisskattstjóra er að verkefnin séu ærin og að þeir rúmlega 30 starfsmenn sem sinna því í dag nái ekki nándar nærri að anna því sem gera þyrfti. Ná mætti betri árangri í öllum þessum flokkum með auknum mannskap sem hefur innsýn í rekstur og almenna skattframkvæmd. Í flokki 3 og 4 í kafla III. hér að framan, er þó brýnast að bæta þau úrræði sem þarf til að takast á við vandann og stjórnvöld þurfa að vera skilvirk í slíkum lagasetningum. Þetta eru þær tegundir skattundanskota sem eru sýnilegastar í daglegu lífi. Það þarf að auka ábyrgð þeirra sem eru í forsvari fyrir rekstrinum, t.d. ljúka málum með álagsgjaldtöku sem greidd yrði þegar í stað vegna ítrekaðra brota. Það þarf líka að vera hægt að loka virðisaukaskattsnúmerum fyrr en nú er heimilt og setja þá aðila á válista þannig að þeir sem kaupa af slíkum aðilum vöru og þjónustu geti hvorki nýtt innskatt af slíkum reikningi né gjaldfært hann til frádráttar skattskyldum tekjum. Á meðan aðilar geta skrifað út reikninga án þess að skila neinu og aðrir nýtt innskatt af þeim til frádráttar er um að ræða beint peningaústreymi úr ríkissjóði. Eins þarf að vera hægt að loka rekstri fyrirvaralaust vegna endurtekinna brota. Þau úrræði sem nú eru til staðar í lögum, að gefa aðvörun og 15 daga frest áður en rekstri er lokað, eru ekki að virka. Skattheimtumaður sem mætir eftir 15 daga og ætlar að loka atvinnurekstri hittir jafnan fyrir sömu einstaklingana og áður en með nýtt fyrirtæki og nýja kennitölu en sama gamla viðskiptamódelið og annað óbreytt, þannig að hann getur þá lítið annað sagt en "*takk fyrir síðast*".

#### V.


#### Verkefnin framundan og tillaga samkvæmt þingskjali.

Í tillögu til þingsályktunar er lagt til að skipuð verði nefnd fulltrúa fjölda embætta til að koma með tillögur til úrbóta og meta fyrirliggjandi ástand. Ríkisskattstjóri telur að slík nefndaskipan hefði átt rétt á sér við það ástand sem ríkti á árum áður en tæpast nú. Reynsla fyrri nefnda hefur sýnt að starf var tímafrekt, og jafnvel þunglamalegt, og jafnvel tók nokkur ár að ljúka störfum. Nefndin frá árinu 1984 var tvö ár að ljúka sínum störfum og nefndin frá 2003 var hátt í tvö ár að ljúka sínu verki.

Ef bregðast á skjótt við telur ríkisskattstjóri nærtækast að nýta þá reynslu sem til er og útvíkka þá aðferðarfræði sem notuð hefur verið til að meta ætluð undanskot og tapaðar skatttekjur. Þetta væri hægt með því að fela einhverjum aðila, eða eftir atvikum stofnun, sem hefur yfirsýn yfir þessi mál og getur metið ástandið með samanburði upplýsinga úr gagnagrunnum við þjóðhagsstærðir að teknu tilliti til sjónarmiða frá atvinnumarkaðnum og öðrum aðilum. Með þessum hætti var mögulegt að ljúka starfinu á 12 - 14 mánuðum.

Ef þingsályktun verði samþykkt óbreytt mun úrvinnslutími óhjákvæmilega verða lengri.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Aðalsteinn Hákonarson